

## Fundargerð

### 141. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 31. ágúst 2010 kl. 12<sup>00</sup>–13<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Ögmundur Einarsson (ÖE) fjarverandi Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) fjarverandi  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Fundartímar haustið 2010
- (3) Rekstur janúar – júlí 2010
- (4) Úrvinnslugjald
- (5) Þjónustuaðilar
- (6) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (140. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

#### 2. Fundartímar haustið 2010

Rætt var að rétt væri að fjölga stjórnarfundum í haust og hafa þá aðra hverja viku í stað þriðju hverja viku enda bíða nokkrar greinargerðir sem stjórn hefur óskað eftir yfirferðar. Ráðgerðir fundir: 31.8 - 7.9 (aukafundur) - 16.9 (ath. fimmtudagur) - 28.9 - 12.10 - 26.10 - 9.11 - 23.11 - 7.12 - 21.12

*Samþykkt.*

#### 3. Rekstur janúar – júlí 2010

Lagt var fram yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrstu sjö mánuði ársins auk skýringa. ÓK fór yfir stöðuna í vöruflökkunum.

#### 4. Úrvinnslugjald

Umræða um tillögur að breytingum á úrvinnslugjöldum sem gert er ráð fyrir í samþykkttri rekstraráætlun 2010 og 2011-2013.

*Frestað*

#### 5. Þjónustuaðilar

Bændur sem óska eftir að gerast þjónustuaðilar og safna heyrúlluplasti og skila til ráðstöfunar

Þórólfur Jónasson, Syðri-Leikskálaá, Þingeyjarsveit

Aðalfjall ehf., Marinó Aðalsteinsson, Syðra-Fjalli, Aðaldal

Hringrás óskar eftir að gerast þjónustuaðili og safna plastumbúðum.  
*Samþykkt*  
Bryndís fer af fundi kl. 13:00

## **6. Önnur mál**

Engin

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs